

## Vélsmiðjan Oddi hf

Afhending 2018/76

Saga Vélsmiðjunnar Odda hófst 1924 þegar stofnað var vélaverkstæði í litlum skúr á Oddeyri. Stofnendur voru tveir vélsmiðir frá Ólafsfirði og var tilgangur með stofnun fyrirtækisins fyrst og fremst að þjónusta fiskibáta frá Ólafsfirði, sem geymdir voru á Akureyri yfir vetrartímann. Þegar fyrirtækið varð til hét það Vélaverkstæðið Oddi en líklega er nafnið dregið af Oddeyrinni.

Fyrirtækið óx og dafnaði og árið 1939 var verkstæðið flutt í Gránufélagshúsin við Strandgötu 49 og þegar mest var unnu þar um 20 manns. Árið 1942 var fyrirtækið selt og fékk nafnið Vélsmiðjan Oddi hf. Nýjir eigendur voru fimm en 1946 hafði eigendum fækkað og KEA orðið meirihlutaeigandi fyrirtækisins. Á sama tíma átti KEA einnig meirihluta í Sameinuðu verkstæðunum Mars og eftir að sami einstaklingurinn varð framkvæmdastjóri þessara tveggja fyrirtækja voru þau rekin undir einni stjórn, allt til 1972 er þau voru sameinuð.

Allt frá stofnun óx fyrirtækið og starfsemin varð fjölbreyttari í takt við aðstæður og breytta atvinnuhætti og tækilegar framfarir. Fyrirtækið sinnti nýsmiði og viðhaldsvinnu fyrir verksmiðjur SÍS og KEA á Akureyri, fiskvinnslufyrirtæki og sláturhús. Nokkuð var um smiði stálgrindarhúsa fyrir bændur, ásamt viðhaldi og viðgerðum á landbúnaðarvélum. Blikksmiðja Odda kom mjög við sögu byggingariðnaðarins með smiði loftræstikerfa og margra hluta í þök. Þegar mest var starfaði á níunda tug manna hjá fyrirtækinu.

Þegar kom fram á níunda áratuginn var verulega farið að halla undan fæti vegna verkefnaskorts og taprekstur var viðverandi. Árið 1992 var Slippstöðin komin að þrotum en hún var þá til helminga í eigu ríkisins og Akureyrarbæjar. Þá var leitað til KEA um að leggja til nýtt hlutafé í Slippstöðina, til móts við bæinn og ríkið. Niðurstaðan varð sú að framlag KEA var Vélsmiðjan Oddi. Fyrirtækin voru sameinuð formlega um áramótin 1992-1993 og tæki og búnaður Odda flutt í húsnæði Slippstöðvarinnar og húseignir Odda seldar. Þessi skipan dugði ekki lengi því að áður en árinu 1993 lauk var þessi samsteypa komin á hausinn og saga Vélsmiðjunnar Odda þar með á enda.

Það var Þórður Vilhjálmsson sem afhenti skjölin en aðrar afhendingar með skjölum frá Vélsmiðjunni Odda eru 970 og 2003/74.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
3. ágúst 2022

Lára Ágústa Ólafsdóttir  
héraðsskjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>Vélsmiðjan Oddi hf</b>			<b>2018/76</b>
<b>A-Fundargerðir</b>		<b>1942- 1973</b>	
2018 - A/1	1	1942- 1966 Gjörðabók.	20 x 16,5 cm ib.
2018 - A/1	2	1967- 1973 Gjörðabók.	30,5 x 22 cm ib.